

ÚRSKURÐUR

um arðskrá fyrir

Veiðifélag Grímsár og Tunguár

Matsnefnd samkvæmt lögum nr. 61/2006

um lax- og silungsveiði:

Ásgeir Magnússon héraðsdómari

Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi

Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður

Árið 2012, mánudaginn 12. mars kom matsnefnd samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 saman í Reykjavík. Mættir voru Hulda Rós Rúriksdóttir hæstaréttarlögmaður, formaður nefndarinnar, Ásgeir Magnússon héraðsdómari og Magnús Ólafsson, fyrrverandi bóndi.

Fyrir var tekið:

Að kveða upp úrskurð um arðskrá fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár, Borgarfirði.

Er nú í málinu kveðinn upp svohljóðandi

úrskurður:

1. Beiðni um mat

Með bréfi, dags. 20. sept 2009, fór stjórn Veiðifélags Grímsár og Tunguár í Borgarfirði fram á það við matsnefnd að fram færi endurskoðun á gildandi arðskrá veiðifélagsins. Kemur fram í bréfinu að beiðnin sé sett fram eftir að stjórn veiðifélagsins hafi borist beiðni frá eigendum Fossatúns um að hún beitti sér fyrir gerð nýrrar arðskrár fyrir félagið. Í framhaldi þessa, og í samræmi við lög um lax- og silungsveiði nr. 61/2006, tók matsnefndin þetta erindi til meðferðar.

2. Matsfundur

Matsfundur með veiðiréttareigendum og/eða fulltrúum þeirra var haldinn laugardagskvöldið 30. október 2010 í Félagsheimilinu Brautartungu og var mál þetta þá tekið fyrir fyrsta sinni í samræmi við ákv. 1. mgr. 46. gr. laga nr. 61/2006. Kynntu nefndarmenn á fundinum hvernig starfi matsnefndarinnar yrði háttað. Skorað var á fundarmenn að upplýsa hvort þeir gerðu athugasemdir við hæfi matsmanna til meðferðar máls eða við boðun fundarins en engar athugasemdir komu fram. Farið var yfir afmörkun ágreiningsefnisins, þ.e. nýtt mat á arðskrá fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Þá var spurt hvort ágreiningur væri um bakkalengd og landamerki. Formaður félagsins upplýsti að enginn félagsmaður hefði gert ágreining um landamerki, en í einstaka tilviki hefðu menn komið sér saman um viðmiðunarpunkta á mörkum jarða við bakkalengdarmælingu vegna mats þessa án þess að staðfest væri að þar væru landamerki. Upplýst var að bakkalengdarmælingin hefði verið miðuð við miðlínu meginstraums eins og víða hefur verið gert við mælingar hin síðari ár. Vakin var athygli matsnefndar á því að nokkur munur væri á þessari nýju bakkalengdarmælingu miðað við fyrri mælingu. Eftir nokkrar umræður um aðferðir við mælingar var samþykkt að hin nýja mæling skyldi lögð til grundvallar við mat þetta.

Á fundinum benti formaður félagsins á að Grímsá og Tunguá væru um margt ólíkar ár. Í Grímsá væri ásókn eftir veiðileyfum mikil og vel veiddist, en Tunguá væri hins vegar

aðallega mikilvæg fyrir uppeldi. Þá var vakin athygli á að ágreiningur væri uppi um eignarhald að veiðistöðunum Myrkhyl og Smáfossum og að einingum út á veiði þar hefði ætíð verið haldið sér í matsgerð.

Fundarmönnum var boðið að hitta matsmenn einslega eftir fundinn en þeim var jafnframt kynnt að þeim gæfist síðar kostur á að koma skriflegum greinargerðum og kröfum á framfæri. Þá upplýstu nefndarmenn hvaða gögnum veiðifélagið þyrfti að skila til matsnefndar vegna arðskrárgerðarinnar og hafði formaður félagsins afhent matsmönnum hluta þeirra gagna fyrir fundinn. Í sérstakri skrá aftast í matsgerðinni kemur fram hvaða gögn matsmenn höfðu til afnota við matið.

Með bréfi, dags. 29. ágúst 2011, var félaginu og einstökum félagsmönnum þess kynnt að í kjölfar breytingar sem gerð hefði verið á lögum um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 hefði sú breyting orðið á skipan matsnefndar að Hulda Rós Rúriksdóttir hrl. hefði verið skipuð nýr formaður nefndarinnar. Að öðru leyti væri skipan nefndarinnar óbreytt frá því matsnefnd tók mál þetta fyrst fyrir. Í tilefni þessa væri félagsmönnum veiðifélagsins gefinn kostur á að setja fram athugasemdir, eigi síðar en 9. september s.á., um hæfi nýs formanns til meðferðar arðskrármálsins og tekið fram að nefndin myndi vegna þessarar breytingar á skipan hennar fara í vettvangsgöngu að nýju föstudaginn 7. október s.á. Þeir félagsmenn sem óskuðu eftir að hitta matsnefnd á vettvangi voru beðnir um að tilkynna það formanni félagsins í tíma fyrir vettvangsgönguna.

3. Vettvangsganga o.fl.

Sunnudaginn 31. október 2010 fór matsnefnd í vettvangsferð um það svæði sem til mats er, þ.e. frá ósi Grímsár í Hvítá upp að Jötnabráarfossi og með Tunguá frá ósi í Grímsá upp að Lómálæk, innan Gilstreymis. Daginn áður höfðu matsmenn farið í kynnisferð með ánni undir leiðsögn formanns félagsins, Þorsteins Þorsteinssonar á Skálpastöðum, og Kristjáns Guðmundssonar, leiðsögumans við ána. Í vettvangsgöngunni hittu matsmenn og ræddu við nokkra veiðiréttareigendur eða fulltrúa þeirra, hlustuðu á sjónarmið og skoðuðu eftir atvikum tiltekin svæði árinna.

Grímsá er ein af þverám Hvítár í Borgarfirði. Hún á upptök sín í Reyðarvatni, sem er í 56 km fjarlægð frá sjó og í 325 m hæð yfir sjávarmáli. Samkvæmt fyrirliggjandi búsvæðamati telst áin 42 km að lengd og flokkast sem dragá, en lindar- og stöðuvatnsáhrif eru mjög mikil er ofar dregur. Grímsá er fiskgeng að Jötnabráarfossi, skammt ofan við bæinn Oddsstaði, og er fiskgengur hluti hennar rúmir 30 km. Jötnabráarfoss er í 65 m hæð yfir sjávarmáli.

Tunguá fellur í Grímsá skammt neðan við Oddsstaði. Áin flokkast sem dragá og telst lengd hennar vera 20 km fram í fremstu drög. Tunguá er fiskgeng tæpa 10 km, að Englandsfossi, og er á hæðarbilinu 45-140 m yfir sjó. Ófiskgengi hluti Tunguár, að svokölluðum Lóma-

læk, er hluti af félagssvæði veiðifélagsins. Lengd hans er um 5,5 km og liggur á hæðarbilinu 140-250 m yfir sjó.

Alls eru í ánni yfir 70 merktir og númeraðir veiðistaðir. Í Grímsá er leyft að veiða með átta stöngum en tveimur stöngum í Tunguá. Við ána er veiðihús sem tekið var í notkun árið 1973.

Í tilefni af skipun nýs formanns fór matsnefnd í vettvangsgöngu með ánni hinn 7. október 2011, ásamt formanni veiðifélagsins. Í vettvangsgöngunni hittu matsmenn og ræddu við nokkra veiðiréttareigendur eða fulltrúa þeirra, hlustuðu á sjónarmið og skoðuðu eftir atvikum tiltekin svæði árinna. Fyrir vettvangsgönguna hafði matsnefnd borist bréf frá nokkrum veiðiréttareigendum og skoðuðu matsmenn sérstaklega ábendingar þeirra og athugasemdir.

4. Um veiðifélagið

Nafn félagsins er Veiðifélag Grímsár og Tunguár. Núgildandi samþykktir félagsins eru nr. 1343/2007, og voru þær staðfestar af Landbúnaðarstofnun 3. desember 2007 og birtar í B-deild Stjórnartíðinda 16. janúar 2008.

Í 3. gr. samþykktanna kemur fram að félagsmenn séu skráðir eigendur/ábúendur jarða og eigna sem land eiga að, eða veiðirétt í, Grímsá frá ósi hennar í Hvítá að Jötnabráarfossi eða í Tunguá frá ósi hennar í Grímsá fram að Lómalæk innan Gilstreymis.

Samkvæmt 4. gr. er verkefni félagsins að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskstofna auk þess að hafa með höndum umsjón og ráðstöfun veiði í ánum. Félagið tekur til allrar fiskveiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykktir félagsfundar. Til að ráðstafa veiði lengur en eitt ár í senn þarf atkvæði $\frac{2}{3}$ hluta fundarmanna og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggi fyrir fundinum. Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

Í 11. gr. samþykktanna er kveðið á um að arði af sameiginlegri veiði skuli skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiði gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taki arð.

5. Fasteignir sem veiðiréttur fylgir

Samkvæmt samþykktum veiðifélagsins eru félagsmenn skráðir eigendur/ábúendur eftirtaldra jarða og eigna: Þingnes I, Þingnes II, Árbakki, Fossatún, Múlakot, Skálpastaðir I, Skálpastaðir II, Arnþórsholt, Lundur I, Lundur III, Gullberastaðir, Oddsstaðir I, Oddsstaðir II, Brautartunga, Tungufell, Brenna, Reykir, Þverfell, Gilstreymi, England, Iðunnarstaðir, Hóll, Snartarstaðir, Lundarhólmi, Skarð I, Skarð II, Kistufell, Kross, Gröf I,

Gröf II, Mávahlíð, Hestur, ítak Reykholtskirkju í Laxfossi, ítak Hvanneyrarkirkju í Laxfossi, Hvítárvellir I og Hvítárvellir II.

6. Rekstur veiðivatna

Með samningi, dags. 1. mars 2007, leigði Veiðifélag Grímsár og Tunguár, Hreggnasa ehf. allan rétt til stangveiða í Grímsá, ofan silungasvæðis neðst í ánni til og með Jötnabrúarfossi, ofan Oddsstaða. Enn fremur allan rétt til stangveiða í Tunguá, ofan brúar hjá Brautar-tungu fram að Englandsfossi. Leigusamningurinn nær til árána 2008 til 2012. Árlegur veiðitími í Grímsá er frá 22. júní til og með 24. september. Auk þess er réttur til sjóbirtingsveiða á svæðinu, milli sérleigðs silungasvæðis neðst í ánni upp að brú hjá Fossatúni, eftir því sem landslög heimila. Þó er veiði óheimil á nokkrum tilteknum veiðistöðum. Öllum laxi, sem veiðist á sjóbirtingsveiðitímanum skal sleppt. Viðmiðunartími sjóbirtingsveiða er frá og með 1. apríl til og með 15. maí og frá og með 25. september til og með 20. október. Samkvæmt framangreindum leigusamningi skyldi árlegur veiðitími í Tunguá vera frá og með 12. júlí til og með 8. september. Sú breyting var gerð á samningnum árið eftir að veiðitími í Tunguá skyldi fylgja veiðitíma í Grímsá, en öllum laxi skyldi sleppt á þessum viðbótartíma.

Neðst í Grímsá er um það það bil tveggja km langt svæði þar sem landeigendur hafa leyst til sín veiðiréttindi. Sem endurgjald fyrir þetta greiðir eigandi Hvítárvalla andvirði fjögurra arðseininga en eigandi Þingness I jafnvirði tveggja og hálftrar einingar. Mismunurinn byggist á því að Þingnesmenn nýta réttinn aðeins til stopullar veiði eigendanna sjálfra, en hlutur Hvítárvalla er framleigður til leigutaka Skuggans, sem er veiðisvæði í Hvítá neðan Grímsáróss.

Heildartekjur félagsins voru 55,4 milljónir króna árið 2009, 50,7 milljónir króna árið 2010 og 52,3 milljónir króna árið 2011. Arðgreiðslur til félagsmanna voru 30 milljónir króna árið 2009, 33 milljónir króna árið 2010 og 37 milljónir króna árið 2011.

7. Sjónarmið nokkurra eigenda veiðiréttar

Í samræmi við ákvæði 10. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrá veiðifélaga var öllum eigendum veiðiréttar í veiðifélaginu gefinn kostur á að senda nefndinni skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað gætu mat á arði einstakra fasteigna. Var bréf þessa efnis afhent öllum viðstöddum veiðiréttareigendum á framangreindum fundi hinn 30. október 2010 en aðrir fengu bréfið sent í pósti. Bárust nefndinni bréf ásamt gögnum frá nokkrum eigendum og verður hér á eftir vikið að helstu sjónarmiðum sem þar koma fram.

7.1 Hvítárvellir

Eigandi jarðarinnar krefst þess að tekið verði tillit til þess við arðsúthlutun að veiðistaðir nr. 30 til 70 fyrir landi jarðarinnar hafi ekki verið nýttir af leigutökum eins og eðlilegt megi telja. Fyrir stofnun veiðifélagsins hafi verið algengt að á þessu svæði veiddust 50 til 70

laxar á ári þegar veiðin hafi verið stunduð frá Hvítárvöllum. Þá sé á það bent að veiðifélagið hafi á undanförunum árum staðið fyrir framkvæmdum í farvegi árinna fyrir landi jarðarinnar í því skyni að laxinn gæti gengið greiðar upp ána. Með þessu hafi veiðistöðum á svæðinu verið spillt í þágu heildarinnar og hljóti að verða að taka sérstakt tillit til þess í mati þessu. Loks sé á það bent að lax sem veiddur sé í veiðistaðnum Smugunni nr. 75 sé skráður á jörðina Hest en eigi í raun að skrást á Hvítárvelli þar sem honum sé landað.

Þess sé og krafist að tekið verði tillit til silungsveiði sem sé fyrir landi jarðarinnar, en hún sé einnig til staðar utan veiðitíma á laxi. Athygli sé og vakin á því að eigandinn leigi af veiðifélaginu neðsta svæði árinna, fyrir landi Hvítárvalla II, og sé greiðsla fyrir það sem svari til fjögurra eininga í arðskrá félagsins.

7.2. Þingnes I, Þingnes II og Árbakki

Eigendur ofangreindra jarða, sem eiga land í óskiptri sameign að Grímsá að norðanverðu lýsa í sameiginlegri greinargerð sjónarmiðum sínum um það hvernig skipta beri arði vegna veiði í Myrkhyl og svonefndum Smáfossum. Er þess þar krafist að eigendum Þingnes-jarðarhlutanna þriggja, sem kallist í greinargerðinni einu nafni Þingnes, verði greiddur allur arður vegna þessara veiðistaða í réttu hlutfalli við hlut hvers þeirra í gildandi arðskrá og að framvegis skuli veiðiréttur þessi ekki sérgreindur á neinn hátt frá öðrum óskiptum veiðirétti jarðanna Þingnes I, Þingnes II og Árbakka.

Er í greinargerðinni á ítarlegan hátt lýst skriflegum heimildum um það hvernig réttindum til laxveiði hafi verið háttað á fyrri öldum í þessum veiðistöðum og í veiðistaðnum Laxfossi, sem liggur sunnan við Miðberg. Vísað er til þess að af þessum heimildum verði skýrlega ráðið að allt frá því seint á 12. öld hafi verið litið á veiðina, annars vegar í Myrkhyl og Smáfossum norðan Miðbergs og hins vegar í Laxfossi sunnan Miðbergs, sem aðgreinda veiðistaði sem að öllum líkindum hafi tilheyrt hvor sinni jarðeigninni í upphafi.

Samkvæmt elsta máldaga Reykholtskirkju frá 12. öld hafi Reykholtskirkja þá átt nokkur veiðiréttindi í Grímsá, meðal annars $\frac{5}{8}$ hluta veiðinnar fyrir landi Hests á norðurbakkanum og $\frac{3}{4}$ hluta veiðinnar sunnan Miðbergs. Í næstu máldögum, þeim fyrsta árið 1358, er veiðitaka kirkjunnar í Grímsá hins vegar í engu getið og hafi veiðirétturinn þá verið á ný fallinn til þeirra jarða sem hann hefði áður tilheyrt. Hljóti þar með allur veiðiréttur í norðurkvísl árinna að hafa horfið á ný til Þingnes. Séu engar heimildir um að Reykholtskirkja hafi nýtt veiði í Grímsá, norðan Miðbergs, á síðari tímum. Aftur á móti sé getið um það í heimildum frá byrjun átjándu aldar að kirkjan eigi hluta veiðiréttar í Laxfossi. Þá sé ljóst að veiðiréttur Hvanneyrarkirkju í Laxfossi eigi sér nokkuð trausta sögu ritaðra heimilda frá fyrri öldum og hafi sá réttur endanlega verið staðfestur með bréfi biskupsins í Skálholti þegar biskupsstóllinn hafi verið eigandi jarðarinnar Hests.

Í framhaldi af ágreiningi sem uppi hafi verið, milli annars vegar ríkisins, vegna jarðarinnar Hests, Reykholtskirkju og Hvanneyrarkirkju, og hins vegar eigenda Þingness, um það hver væru mörk veiðistaðarins Laxfoss hafi náðst samkomulag um að hlíta niðurstöðu sérstaks gerðardóms í málinu. Í niðurstöðu þessa gerðardóms frá árinu 1951 komi fram að af tilgreindum gögnum megi ráða að um áratuga skeið hafi það verið skoðun þeirra sem til þekktu að kvíslin norðan Miðbergs og Myrkhylur hafi ekki talist til veiðiítaks kirknanna í Laxfossi og hafi af hálfu ríkisvaldsins ekki verið færð fram nein gögn sem hnekki þeirri skoðun. Þá segi og í dómnum: „Samkvæmt þessu verður veiðiítak Hvanneyrar- og Reykholtskirkna hvorki talið ná til kvíslar þeirrar, sem fellur í Myrkhyl norðan Miðbergs, né til þess hyls, og getur það ekki raskað þeirri niðurstöðu, þótt ítaksréttur nefndra kirkna kunnir að hafa verið víðtækari í öndverðu. Um rétt eigenda Hests til veiði norðan Miðbergs fer eftir landslögum, sbr. 2. gr. og 2. tl. 32. gr. laga nr. 112/1941.“ Ljóst sé af framangreindu að ítak Reykholt- og Hvanneyrarkirkna nái ekki til veiðiréttar í norðurkvíslinni heldur beri að skipta þeim milli landeigenda eftir landslögum og eftir því sem við eigi.

Komið hafi fram við meðferð framangreinds gerðardómsmáls og þann málarekstur sem á undan hafi verið genginn að prestarnir séra Arnór Halldórsson og Eiríkur Albertsson hafi báðir talið að Hesti bæri ekki veiðiréttur í norðurkvíslinni. Engar heimildir hafi hins vegar verið um hið gagnstæða. Þannig hafi á síðustu öld, og sennilega miklu lengur, verið hefð fyrir því að veiði í norðurkvíslinni tilheyrði Þingnesi.

Samkvæmt vatnalögum ráði miðlína straumvatns landamerkjum. Meginhluti vatns í Grímsá fari um suðurkvíslina og Laxfoss. Engin ákvæði séu hins vegar í lögum um hólma í ám. Þannig liggi merki milli Þingness og Hests annað hvort um suðurkvíslina eða um Miðberg mitt. Í hvorugu tilvikinu eigi Hestur nokkurn veiðirétt í norðurkvíslinni, þ.e. Myrkhyl og Smáfossunum, heldur tilheyrir sá réttur ótvírætt Þingnesjörðinni óskiptur.

Með vísan til þess sem rakið hafi verið í greinargerðinni þá sé á því byggt að öll fyrir- liggjandi gögn bendi til þess að Þingnesi beri allur veiðiréttur í Grímsá, norðan Miðbergs, og að allur uppsafnaður arður vegna þess helmings hlutar af þeirri veiði sem haldið hafi verið eftir sé lögmat eign eigenda Þingnesjarðarhlutanna.

7.3 Fossatún

Í beiðni sinni um arðskrármat vísa eigendurnir til þess að sá ágalli sé á gildandi arðskrá að veiði silungs á laxveiðitímabilinu og veiði á svokölluðum sjóbirtingsveiðitíma hafi þar ekkert vægi. Fyrir liggi að á heimasíðu leigutaka Grímsár og Tunguár sé silungsveiði sérstaklega kynnt sem góð viðbót við laxveiði auk þess sem sjóbirtingsveiðitímabilin séu þar sérstaklega tiltekin. Hins vegar sé viss hætt á að skráning á silungsafla sé ekki eins áreiðanleg og skráning á laxi þar sem litið hafi verið á silung í laxveiðiám sem eins konar undirmálsfisk. Eigi þetta sérstaklega við um veiði á sjóbirtingsveiðitímabilunum, vor og

haust, en á þeim tíma hafi veiðimenn ekki haft sama aðgengi að veiðihúsi árinna og yfir laxveiðitímann þegar opið sé alla daga.

Viðhorf til silungsveiði hafi breyst á undangengnum árum. Sé hún talsvert hlutfall af heildarveiðinni á háannatímanum og sérstök athygli vakin á þessari veiðivon af söluaðilum árinna. Þá liggi einnig fyrir að meirihluti silungsveiðinna sé á neðri helmingi Grímsár, fyrir landi Fossatúns. Samkvæmt nágildandi leigusamningi um ána sé ekki rukkað sérstaklega fyrir sjóbirtingstímabilið heldur sé um eitt gjald að ræða fyrir heildarveiðitímabilin.

Þá sé á það bent að eðlilegt sé að endurskoða vægi uppeldis- og hrygningarskilyrða við mat þetta þar sem vægi þessa þáttar kunni að hafa verið ákvarðað heldur hátt í gildandi mati. Loks verði að hafa í huga að sú breyting hafi orðið á að seiðasleppingar séu orðnar verulegur hluti af laxaseiðabúskap ársvæðisins og því eðlilegt að meta áhrif slíks.

7.4 Skálpastaðir, Kross og Gröf I

Í sameiginlegu bréfi lýsa eigendur því álitinu sínu að í mati Veiðimálastofnunar á hrygningar- og uppeldisskilyrðum frá janúar 1998 sé nokkuð hallað á þau svæði árinna sem tilheyri ofangreindum jörðum. Séu aðstæður þar að þessu leyti mun betri en meðaltal ársvæðisins sem þessi hluti Grímsár flokkist með, Ferjupollur niður að Stekkjarstreng. Sé hvað það varði í fyrsta lagi vísað til meðfylgjandi skýrslna um seiðatalningu sem fram hafi farið í nokkur skipti á árunum 1978 til 1992 við veiðistaðinn Ferjupoll. Megi þar glöggst sjá að fjöldi og afkoma seiða á þessu svæði sé með því besta sem gerist í Grímsá. Í öðru lagi hafi hrygningarskilyrði á svæðinu verið bætt, eftir gerð fyrirbyggjandi búsvæðamats, með því að koma fyrir góðri hrygningarmöl neðst í fyrrgreindum veiðistað auk þess sem steinar af ýmsum stærðum hafi verið fluttir í ána neðan hans til að auka skjól fyrir stærri seiði. Hafi aðgerðir þessar alfarið verið kostaðar af landeigendunum sjálfum. Einnig vísa eigendurnir til frásagna veiðimanna um að jafnan sé mikið af stórum laxaseiðum í Ferjupolli, sem bendi til góðra uppeldisskilyrða á svæðinu, og að athuganir eigenda Skálpastaða um langt skeið hafi leitt í ljós að hrygning sé þar mjög víða. Með vísan til þessa sé þess krafist að umræddu svæði verði úthlutað fleiri einingum fyrir hrygningar- og uppeldisskilyrði en beinn útreikningur samkvæmt búsvæðamati segi fyrir um.

7.5 Gröf I

Eigandinn krefst þess að jörðin fái 15% af veiði í Ferjupolli þar sem hann hafi oft séð menn landa fiski úr veiðistaðnum í landi Grafar I.

7.6 Oddsstaðir

Eigendur jarðarinnar benda í upphafi greinargerðar sinnar á að í síðustu arðskrármötum hafi arður af veiddum laxi í ármótum Grímsár og Tunguár verið fluttur til annarra jarða en þar eigi land að. Þannig hafi 15% af ávinningi veiða á þessu svæði verið úthlutað til

Gullberastaða við gerð gildandi arðskrár og 30% til jarða sem land eigi að laxgengum hluta Tunguár. Hafi því einungis 55% af ávinningi veiðinnar verið skipt á milli hluta eigenda jarða við ármótin, eða Oddsstaða I og II (27,5%) og Brautartungu (27,5%), en eigendur Hóls hafi ekkert fengið í sinn hlut. Sé þessari ráðstöfun arðs af veiddum laxi í ármótunum mótmælt.

Ármót Grímsár og Tunguár hafi einungis verið í þrjú ár, í kringum 1970, niður við veiðistaðinn Laxabakka. Fyrir þann tíma hafi þau verið á svipuðum slóðum og þau séu nú og hafi verið það lengst af á síðustu öld. Styðjist þetta meðal annars við orðalag í landamerkjabréfum Gullberastaða og Brautartungu. Þannig segi í landamerkjabréfi Gullberastaða frá árinu 1923: „... milli Hóls og Gullberastaða ræður Grímsá sunnanvert við Sinuhólma niður fyrir Hólsnestá.“ Þannig megi sjá að ármótin hafi verið á móts við Sinuhólma á árinu 1923. Í landamerkjabréfi Brautartungu frá árinu 1885 segi um merkin: „Milli Brautartungu og Oddsstaða ræður Grímsá fyrir sunnan Erlendarhólma og Sinuhólma og þar til að Tunguá fellur í hana. Tunguá aðskilur Brautartungu og Hólslönd, þar sem hún nú rennur.“ Sé því á sama hátt ljóst að ármótin hafi „verið fyrir Sinuhólma“ á framangreindum tíma. Þá sé landamerkjabréf Hóls frá 1886 samhljóða Brautartungubréfinu um að Tunguá skipti merkjum milli jarðanna. Loks taki annar veiðiréttareigandinn fram að frá því að hann hafi fyrst komið að veiðum við Grímsá, upp úr 1960 og allt fram undir lok þess áratugar, hafi ós Tunguár oftast verið á svipuðum stað og nú, en gæti hafa verið í tveimur kvíslum sum ár. Benda megi og á að staður þessi, Oddsstaðafljót, gangi undir nafninu Ármót, og hylurinn Ármótahylur, að minnsta kosti á Oddsstöðum, Brautartungu, Hóli og ef til vill víðar.

Eigendurnir taka fram að flutningur ármótanna aftur á núverandi stað hafi verið fullkomlega löglegur, enda framkvæmdur löngu innan tilskilins frests frá því áin hafi fært sig þaðan. Geti mat á veiðitapi Gullberastaða því aðeins byggst á þessum fáu árum og eins því að veiðihrun hafi orðið í Laxabakka vegna flutnings ármótanna þaðan. Sé ekki dregið í efa að flutningi ármótanna hafi fylgt eitthvað minni veiði í Laxabakka. Hins vegar hafi Laxabakki verið einhver gjöfulasti veiðistaður í landi Gullberastaða þegar á fyrri hluta sjöunda áratugarins, eða áður en ármótin hafi færst þangað, og hefði verið svo um langt árabíll. Það veiðihrun sem þar hafi orðið eftir flutning ármótanna verði því í meginatriðum að kenna öðrum þáttum. Þannig megi t.d. leiða líkur að því að öll sú mól sem fyllt hafi hylinn á löngum tíma eigi þar stóran þátt. Þá megi einnig benda á að eigendur Gullberastaða hafi notið aukinnar veiði ofan Laxabakka, allt upp í Efsta Hyl. Með hliðsjón af framangreindu verði að telja kröfur eigenda Gullberastaða til veiðihlunninda úr Oddsstaðafljóti bæði ósanngjarnar og reistar á forsendum sem geti ekki staðist. Væri í raun ekki óeðlilegt að eigendur Oddsstaðafljóts fengju til baka hluta af þeim arði sem farið hafi þaðan til eigenda Gullberastaða á undangengnum árum.

Vegna flutning arðs af veiði til jarða við Tunguá benda eigendurnir m.a. á að á seinni árum hafi landbrot minnkað í Oddsstaðafljóti og hylurinn þar grynnað. Samfara því hafi veiðin þar einnig dregist saman auk þess sem laxinn virðist í auknum mæli hafa fært sig í Efstahyl, sem sé næsti hylur fyrir neðan, og jafnvel enn neðar.

Með hliðsjón af öllu framangreindu telji eigendur Oddsstaða eðlilegt að þeir fái 50% af óskiptum afla úr Oddsstaðafljóti.

Einnig sé vakin athygli á því að Oddsstaðir eigi alla hólma í Grímsá fyrir sínu landi, sem nái nú inn undir Vaðmýrarstreng. Sé farið fram á að tekið sé tillit til þessa, bæði um hlutdeild í bakkalengd en einnig við mat á hrygningar- og uppeldisskilyrðum. Sé í því sambandi og bent á að samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum um seiðarannsóknir og búsvæðamat séu hrygningar- og uppeldisskilyrði fyrir landi jarðarinnar með þeim bestu í ánni. Þá hafi og sýnt sig að sú aukning í laxveiði sem átt hafi sér stað á þessu svæði síðustu ár sé í talsverðum mæli í Engjahyljum, sem séu alfarið í landi Oddsstaða. Hljóti þetta allt að leiða til þess að Oddsstaðir njóti aukinnar hlutdeildar í svæðinu vegna ofangreindra þátta. Þá telja eigendurnir að mikilvægt sé að verðmæti seiðaframleiðslu eftir mismunandi svæðum í ánni sé metið með tilliti til framleiðslukostnaðar seiða frá eldisstöð, þannig að uppeldisskilyrði njóti sannvirðis við matið.

Í viðbótargreinargerð eigenda Oddsstaða, dags. 30. október 2011, sem send var matsnefnd í tilefni af þeim sjónarmiðum sem komið höfðu fram af hálfu eigenda Gullberastaða, er vísað til þess að Tunguá hafi runnið aðeins skamma hríð í Grímsá niður Laxabakka, líklega í um 3 ár. Fyrir þann tíma hafi hún runnið á svipuðum stað og nú. Laxabakki hafi verið einhver gjöfulasti veiðistaður í landi Gullberastaða áður en Tunguá fluttist þangað, a.m.k. frá 1960 og fram um 1966, samkvæmt reynslu Þórs og Hafsteins Ingólfssona, sem báðir hafi komið að veiðum þar á bæ þessi ár. Það, að Tunguá hafi verið færð úr hylnum 1973 geti því ekki skýrt minnkun veiðinnar. Vegna fullyrðinga um að dregið hafi úr veiði fyrir landi Gullberastaða frá flutningi ármótanna þaðan 1973 verði að hafa í huga að við upphaf veiðifélagsins hafi upplýsingar um veiði fyrir mörgum jörðum, m.a. fyrir landi Gullberastaða, byggst á veiðum sportveiðimanna þegar veiðitölur frá öðrum bæjum, eins og t.d. Oddsstöðum, hafi byggst á veiðum bænda til að fá sér í soðið.

Vegna fullyrðinga um að tilfærsla árinna hafi verið ákveðin með samkomulagi eigenda árið 1973 skuli á það bent að sú yfirlýsing sem væntanlega sé verið að skírskota til sé dagsett 18. maí 1982. Hafi hún því ekki verið útbúin við flutning árinna árið 1973 heldur muna seinna, eða eftir fyrsta endurmat ána. Kveðast eigendurnir ekki minnst þess að yfirlýsingin hafi birst þeim fyrr en 1998 þegar matsgerð ána hafi staðið yfir. Þá hafi fyrri eigandi Oddsstaða I heldur ekki minnst tilvistar slíks samkomulags þegar hann hafi verið inntur eftir því á árinu 1998. Sé þessu samkomulagi algerlega hafnað, enda séu eigendur

Oddsstaða I ekki aðilar að því. Mat eigenda sé að hér skuli vatnalögin gilda og því hafi það verið fullur réttur hvers og eins á umræddum tíma að færa ármótin til fyrra horfs.

7.7 Hóll

Eigandinn krefst þess að úthlutun arðs í mati þessu miðist að öllu leyti við landamerki jarða. Ekki sé neinn ágreiningur um að farvegur Grímsár ráði merkjum milli Hóls og Oddsstaða. Þá hafi verið gert skriflegt samkomulag milli Hóls og Gullberastaða um það hvaða merki skuli lögð til grundvallar við arðskrármat þetta. Hins vegar hafi ekki tekist að ná samkomulagi um merkin milli Hóls og Brautartungu. Eigandinn kveðst sjálfur hafa kannað rækilega tiltæk gögn um merki þessara jarða. Þannig segi í landamerkjabréfi Hóls frá 1886 að merkin liggi um „Grímsárfarveg miðjan, þar til Tunguá fellur í Grímsá“. Þá segi í landamerkjabréfi Gullberastaða frá 1923: „Milli Hóls og Gullberastaða ræður Grímsá sunnanvert við Sinuhólma.“ Loks segir svo í landamerkjabréfi Brautartungu frá 1885: „Milli Brautartungu og Oddsstaða ræður Grímsá fyrir sunnan Erlendarhólma og Sinuhólma og þar til að Tunguá fellur í hana. Tunguá aðskilur Brautartungu og Hólslönd, þar sem hún nú rennur.“ Af þessum heimildum sé ljóst að landamerki Hóls og Brautartungu liggi um Tunguá og ós hennar einnig. Enda þótt fyrir liggi að farvegur Tunguár hafi verið óstöðugur í áranna rás megi þó glögglega ráða af framangreindum heimildum að á þeim árum sem landamerki jarðanna hafi verið skilgreind hafi farvegurinn verið á mjög svipuðum slóðum og hann sé nú. Megi það m.a. sjá af því að Sinuhólmi sé einmitt norðurbakki Oddsstaðafljóts. Þá sé það einnig óumdeilanlegt að veiðistaðurinn sem hér skipti hvað mestu máli fylgi ósnum hvort sem hann liggi ofar eða neðar og eigi Hóll í öllum tilvikum sína hlutdeild í veiðihlunnindum sem honum fylgi. Af þessu leiði að Hóll eigi helming veiðihlunninda í veiðistaðnum Oddsstaðafljóti en Oddsstaðir eigi hinn helminginn. Sé þess krafist að arðskráin verði við þetta miðuð.

Í viðbótargreinargerð, dags. 6. nóvember 2011, bendir eigandinn á að hvorki landamerkjabréf né landslög styðji þá kröfu eiganda Gullberastaða að sú jörð fái hlutdeild í arði vegna veiði ofan landamerkja jarðarinnar. Þannig sýni landamerkjabréf að Gullberastaðir eigi ekki land að ármótum Tunguár og Grímsár og enn síður að Tunguá sjálfri, sem skipti löndum Hóls og Brautartungu. Tunguá hafi fært sig um set um eða laust fyrir 1970 og mætt Grímsá ofarlega í Gullberastaðalandi um fárra ára skeið. Hafi hún legið þar á árinu 1971 þegar veiðifélagið var stofnað og bakkalengd og aðrir viðmiðunarþættir arðskrár tekið mið af því. Tunguá hafi hins vegar verið færð í fyrra horf á árinu 1973 og sé þar enn. Fari því fjarri að Tunguá hafi helgað sér stað í landi Gullberastaða, sbr. 8. og 14. gr. vatnalaga nr. 15/1923.

7.8 Gullberastaðir

Talsmaður eigandans vísar til þess að við stofnun veiðifélagsins hafi Tunguá runnið í Grímsá við efri enda veiðistaðarins Laxabakka sem þá hafi verið einhver gjöfulasti veiðistaður árinna. Tunguá hafi á árinu 1973 verið færð til núverandi farvegar, með samþykki

landeigenda, með tilliti til hagsmuna heildarinnar. Hafi helsta ástæða þessa verið sú að neðst í farvegi sínum hafi Tunguá runnið á malareyrum, sem hafi illa haldið vatni, og hafi hún orðið svo lítil í þurrkum að hún hafi vart getað talist laxgeng. Þá kunni þar einhverju að hafa ráðið að með þessu yrðu veiðistaðir ofan Laxabakka, upp í Oddsstaðafljót, virkari enda safnist lax gjarnan í Grímsá við ármótin þegar lítið vatnsmagn í Tunguá dragi úr laxagengd í hana. Þáverandi eigandi Gullberastaða hafi sett það sem skilyrði fyrir samþykki sínu fyrir færslu árinna að það myndi ekki leiða til skerðingar á hlut jarðarinnar við arðskrárgerð, hvorki vegna minni bakkalengdar né hugsanlegrar minni veiði.

Fyrir liggja nú að afleiðingar færslu ármótanna fyrir Gullberastaði séu þær að veiði hafi dregist verulega saman í Laxabakka og nægi aukin veiði ofan hans ekki til að vega þar á móti. Megi telja líklega að flutningur ármótanna sé meginástæða aflasamdráttarins í Laxabakka á síðari árum. Þá liggja fyrir varðandi bakkalengdina að samkvæmt eldri bakkalengdarmælingu hafi Gullberastaðir átt 750 m bakkalengd í Tunguá fyrir fyrrgreinda færslu árinna. Eftir færsluna eigi jörðin hins vegar ekki lengur land að Tunguá og njóti þess því ekki lengur í bakkalengd. Með hliðsjón af framangreindu samkomulagi um færslu árinna sé því gerð sú krafa að matsnefnd meti þann skaða sem flutningur ármótanna hafi valdið Gullberastöðum með tilliti til tapaðrar veiði og bakkalengdar. Sé eðlilegast að það sé gert með því að jörðin fái hlutdeild í þeim arði sem skapast hafi vegna aukinnar veiði í Oddsstaðafljóti við flutning ármótanna, svo sem fordæmi sé fyrir í eldri arðskrá. Varðandi farveg Tunguár sé í þessu sambandi rétt að hafa í huga að deildar meiningar séu um hvar hún hafi helst runnið síðustu áratugi. Hafi því verið haldið fram að Tunguá hafi jafnaðarlega fallið í Grímsá nálægt núverandi ármótum og hafi árin 1970 til 1972 verið þar undantekning. Þessu séu ekki allir sammála og hafi vitnisburðir kunnugra fengist um að ármótin hafi verið allt frá Efstahyl niður að Laxabakka, a.m.k. áratuginn 1960 til 1970, eins og fram komi í gildandi yfirmatsgerð. Þá bendi ummerki á svæðinu til þess að farvegur árinna hafi farið víða.

7.9 Brautartunga

Eftir að eigandanum hafði verið kynnt sjónarmið eiganda Hóls sendi hann matsnefnd greinargerð, dags. 28. október 2011. Kveðst hann þar vilja áréttast sérstaklega að hvergi í landamerkjabréfum þeirra jarða er ábúandi Hóls tilgreini í erindi sínu verði séð að einu orði sé minnst á að Hóll og Oddsstaðir eigi, eða hafi nokkurn tímann átt, land saman. Vegna þess geti ekki orðið ágreiningur um landamerki milli jarðanna. Hefði það verið skilningur ábúenda á fyrri árum eða öldum að lönd þessara jarða hefðu einhvern tíma legið saman þá sæjust þess áreiðanlega merki í landamerkjabréfum. Reyndar sé það svo að landamerkjabréf staðfesti í raun að engin haldbær rök séu fyrir kröfum ábúanda Hóls. Þar sem hvergi sé getið um að Hóll eigi land að Oddstöðum, eða Brautartunga að Gullberastöðum, sé eðlilegast að álykta að skurðpunktur landareigna jarðanna Brautartungu, Oddsstaða, Hóls og Gullberastaða sé og eigi að vera í einum og sama punktinum.

Landamerki Hóls og Brautartungu liggja óumdeilanlega á þeim stað sem tilgreindur sé í landamerkjabréfi frá 10. júlí 1885, en þar segi orðrétt: „Tunguá aðskilur Brautartungu og Hólsland þar sem hún nú rennur.“ Í bréfinu sé því skýrt kveðið á um að landamerkin séu þar sem áin rann hinn 10. júlí 1885. Ljóst sé að ós áнна geti ekki hafa legið eins ofarlega í Grímsá 1885 og hann liggja nú. Þá væri þess einhvers staðar getið í landamerkjabréfum að Hóll og Oddsstaðir ættu land saman.

Í ljósi þess að eigendur Hóls haldi því fram að farvegur Tunguár hafi í áronna rás verið fremur óstöðugur hljóti það að teljast sérkennileg tilgáta að halda því fram að ármót Tunguár séu á svipuðum stað nú og á árunum 1885/1886 og svo 1923. Sinuhólmi sé stór og sé aðeins hluti af ákveðnum aðstæðnalýsingum og viðmiðum í landamerkjabréfum en ekki nákvæmur mælipunktur. Efsti endi hans geti ekki verið viðmiðunarpunktur þar sem slíkt myndi koma fram í áður nefndum landamerkjabréfum ættu Hóll og Oddsstaðir land saman. Væri Sinuhólmi viðmiðið gæti það miklu frekar verið neðri endi hans. Ef það væri svo sé ljóst að landamerki Hóls og Brautartungu liggja verulega mikið neðar en ármótin liggja nú. Þá sé hvergi minnst á Oddsstaðafljót sem viðmið í landamerkjabréfum enda sé það heiti á veiðistað en ekki örnefni. Landamerki Hóls og Brautartungu eigi að miðast við ármót Tunguár og Grímsár, eins og þau hafi verið 10. júlí 1885, sem sé talsvert neðar en þau liggja nú. Einnig megi vísa til vinnu og gagna Gylfa Más Guðbergssonar frá 1995 þar sem hann komist að þeirri niðurstöðu að landamerki jarðanna liggja verulega mikið neðar en ármótin séu nú.

Núverandi staðsetning ármóta Tunguár og Grímsár sé af mannavöldum. Hefði náttúran fengið að stjórna legu ármótanna sé alveg öruggt að ármótin myndu liggja töluvert neðar en þau geri nú. Þess vegna fái krafa ábúanda Hóls ekki staðist. Tilfærsla ármótanna sé til komin vegna þess að skömmu eftir stofnun veiðifélagsins hafi félagið óskað eftir að færa ármótin og halda þeim síðan þannig. Frá þessu hafi verið gengið með sérstakri yfirlýsingu frá 18. maí 1982. Þar sé hvergi minnst á breytingu á landamerkjum. Hefði það verið skilningur þáverandi ábúanda að þessi yfirlýsing ætti að hafa einhver áhrif á landamerki hefði það örugglega verið tekið þar fram.

Þá sé bent á að kröfur eigenda Hóls um skiptingu á veiðihlut og mælingu bakkalengda í bréfi til matsnefndarinnar, dags. 20. desember 2010, séu þvert á fyrri kröfur þeirra í greinargerð vegna yfirmatsgerðar frá 25. febrúar 2000.

Eigandi Brautartungu kveðst hafa komist að samkomulagi við ábúanda Hóls um tiltekinn viðmiðunarpunkt sem gengið hafi verið út frá við bakkalengdarmælinguna frá 2010. Kveðst eigandinn hafa talið sig ganga langt í því samkomulagi og í raun gefið þar talsvert eftir af sínum ítrustu kröfum. Þessi viðmiðunarpunktur frá 2010 hafi einungis varðað arðskrármatið óháð landamerkjum jarðanna. Samkvæmt upplýsingum Kristjáns Guðmundssonar, leiðsögumanns við árnar, megi ætla að a.m.k. 70% af veiði í Oddsstaðafljóti sé fyrir

ofan umræddan viðmiðunarpunkt. Sé þess því krafist að hlutur Brautartungu í arðgreiðslum vegna suðurbakka veiðistaðarins Oddsstaðafljóts verði a.m.k. 70% og að kröfum eigenda Hóls um helmingshlut verði þar af leiðandi hafnað.

7.10 Gilstreymi, Þverfell, Reykir, England, Iðunnarstaðir, Brenna, Tungufell, Brautartunga og Hóll.

Veiðiréttareigendur og/eða ábúendur ofangreindra jarða benda á að uppeldisskilyrði fyrir laxaseiði í Tunguá séu með því besta sem gerist og gegni áin því afar mikilvægu hlutverki í því að viðhalda laxastofni alls vatnasvæðisins. Af þessum sökum hafi veiðifélagið lýst þeim vilja sínum, í bréfi til eigenda og ábúenda ofangreindra jarða, dags. 2. október 2010, að raska sem minnst þessum skilyrðum svo laxinn fái frið til hrygningar og upp komist sem stærstir árgangar til viðhalds og eflingar stofninum. Hafi þetta þýtt minni veiði en ella í Tunguá. Ljóst sé að mikilvægi árinna fyrir vistkerfi vatnasvæðisins verði aldrei mælt í fjölda laxa sem dregnir séu á land á bökkum árinna. Með hliðsjón af framangreindu, og því að ljóst sé að gætilegri meðferð hrygningarsvæðanna sé ætlað að stuðla að sem mestri heildarlaxgengd til hagsbóta fyrir alla veiðiréttareigendur, sé farið fram á að matsnefnd veiti uppeldisskilyrðum mikið vægi við gerð þessarar arðskrár.

7.11 Þverfell

Ábúendur jarðarinnar fara fram á að tekið verði tillit til þess við mat þetta að margar kaldvatnssuppsprettur renni í Kaldagil sem síðan renni í Tunguá. Sé rennsli þetta jafnt og stöðugt og skipti verulegu máli fyrir vatnsmagn Tunguár. Þannig megi ætla, með hliðsjón af fyrirliggjandi rennismælingum, að heildarrennsli Kaldagils sé um $0,3 \text{ m}^3/\text{sek}$ þegar hún renni í Tunguá en rennsli Tunguár ofan ármótanna sé talið vera á bilinu $0,33$ til $0,63 \text{ m}^3/\text{sek}$. Þá sé og ítrekað mikilvægi Tunguár til hrygningar- og uppeldis fyrir laxaseiði í vatnakerfi Grímsár og Tunguár.

8. Skipting arðs

8.1 Almenn

Í 1. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 er lögð á herðar veiðifélaga skylda til að gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hveirrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði. Í 2. mgr. 41. gr. laganna segir: „Við niðurröfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til: a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði, b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.“ Þá er í 4. gr. reglugerðar nr. 412/2007 um arðskrár veiðifélaga nánar kveðið á um þá þætti, sem taka skal tilliti til við niðurröfnun á veiði eða úthlutuna arðs: a. landlengdar að veiðivatni, b. flatarmáls og gerðar vatnsbotns, v. veiðitalna í stangveiði, d. aðstöðu til stangveiði, m.a. m.t.t. breyttra veiðiaðferða, agns o.fl., e. réttinda til netaveiða, m.a. m.t.t. sögulegrar veiði, f. vatnsmagns og g. hrygningar- og uppeldisskilyrða. Loks er í 5. gr. reglugerðarinnar getið annarra þátta

sem varða aðstæður og ýmsar fiskiræktar- og umhverfisframkvæmdir við ár sem líta skuli til við mat á arði.

Samkvæmt 11. gr. samþykktu fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár skal arði af sameiginlegri veiði skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá.

Í gildandi arðskrá er arði skipt og miðað við 1.000 einingar í heild. Í þessu mati er hins vegar hafður á sá háttur að 10.000 einingar komi til skipta. Í köflum 8.2, 8.3 og 8.4 hér á eftir er greint frá niðurstöðu matsnefndar um það hvernig einingum skuli skipt milli einstakra þátta sem tilteknir eru í 41. gr. laga um lax- og silungsveiði. Fjöldi þeirra eininga er koma í hlut hvers veiðiréttareiganda er tilgreindur með heilli tölu.

8.2 Aðstaða til veiði

Mat á aðstöðu til stangveiði er byggt á skilagreinum frá veiðifélaginu um skiptingu lax- og silungsveiði eftir einstökum veiðistöðum í Grímsá og Tunguá vegna árána 2000 til 2011, að báðum árum meðtöldum. Fyrir liggur skrá yfir hvaða veiðistaðir tilheyra hverri jörð og í samræmi við hana er veiði skipt á jarðir. Á framangreindu tímabili var 14.921 lax skráður veiddur á merktum veiðistöðum í Grímsá og 1.037 laxar í Tunguá. Auk þessa voru 44 laxar skráðir veiddir án tilgreiningar á veiðistað í Grímsá og 27 laxar í Tunguá. Á sama tímabili voru 2.215 silungar skráðir veiddir á merktum veiðistöðum í Grímsá en aðeins einn silungur í Tunguá. Auk þessa var 51 silungur skráður veiddur án tilgreiningar á veiðistað í Grímsá. Afli sem ekki er skráður eftir veiðistöðum er ekki talinn með og hefur því ekkert vægi til arðs. Hver jörð nýtur þeirrar veiði sem skráð er fyrir landi hennar. Nokkrar athugasemdir hafa verið gerðar við veiðistaðaskrána og skiptingu veiði á einstaka veiðistaði. Hér á eftir verður stuttlega gerð grein fyrir þessum athugasemdum og niðurstöðum matsnefndar hvað það varðar.

8.2.1 Eigandi Hvítárvalla gerir athugasemd við að lax veiddur í veiðistaðnum Smugunni sé skráður á jörðina Hest en ekki á Hvítárvelli þar sem honum sé landað. Samkvæmt upplýsingum frá formanni veiðifélagsins mun áin fyrrum hafa runnið þarna í þremur kvíslum en vegna aðgerða félagsins renni hún nú að mestu leyti um miðkvíslina. Við þessa breytingu hafi veiðistaðurinn Hólmavað, í syðstu kvíslinni, lagst af en í staðinn myndast nýr veiðistaður í miðkvíslinni. Hafi nafnið Hólmavað þá verið fært á nýja staðinn og hann áfram skráður á Hvítárvelli, á suðurbakka, jafnvel þótt staðurinn sé í raun á merkjum gagnvart jörðinni Hesti og þar fyrir ofan. Veiðistaðurinn Smugan sé þar hins vegar enn ofar og því alfarið þar í landi Hests. Samkvæmt fyrirbyggjandi veiðiskýrslum voru einungis ellefu laxar skráðir veiddir í Smugunni á viðmiðunartímabilinu, þar af aðeins einn á síðustu tíu árum. Þegar litið er til þess sem hér að framan er rakið telur matsnefnd ekki forsendur til að taka tillit til greindrar athugasemdar eigandans.

8.2.2 Allt frá stofnun Veidifélags Grímsár og Tunguár hefur einingum vegna Myrkhyls og Smáfossa verið úthlutað sérstaklega á þeim grundvelli að óljóst væri með eignarrétt að þessum veiðistöðum. Hefur veiðifélagið greitt eigendum Þingness árlega helming af þessum arði en hinn helmingurinn hefur verið lagður inn á sérstakan reikning í eigu veiðifélagsins og geymdur þar. Krefjast eigendur Þingnesjarðarhlutanna þriggja, Þingness I, Þingness II og Árbakka, þess nú að þeim sem réttum eigendum veiðiréttar í þessum veiðistöðum verði greiddur allur arður vegna þeirra í réttu hlutfalli við hlut hvers þeirra í gildandi arðskrá og að framvegis skuli veiðiréttur þessi ekki sérgreindur á neinn hátt frá öðrum óskiptum veiðirétti jarðanna. Voru framangreind sjónarmið kynnt talsmanni eiganda jarðarinnar Hests en engar athugasemdir hafa borist frá honum vegna þessa.

Eins og rakið var í kafla 7.2 var uppi um það ágreiningur, annars vegar milli eigenda veiðiréttar í Laxfossi, þ.e. Hvanneyrarkirkju, Reykholtskirkju og eigenda jarðarinnar Hests, og hins vegar eigenda Þingnesjarðanna, hver væru mörk veiðitaksins í Laxfossi. Náðu aðilarnir samkomulagi um að hlíta niðurstöðu sérstaks gerðardóms í því máli. Gekk sá dómur á árinu 1951 og var þar meðal annars komist að þeirri niðurstöðu að kvíslin norðan Miðbergs, með veiðistöðunum Smáfossum og Myrkhyl, teldist ekki til veiðitaks greindra kirkna í Laxfossi. Var í því sambandi meðal annars vitnað til umsagna staðkunnugra manna um nýtingu veiðiréttarins á þessu svæði um áratuga skeið. Hins vegar var tekið fram að um rétt eigenda Hests til veiði norðan Miðbergs færi eftir landslögum. Með hliðsjón af þessu þykir því hér verða við það að miða að einungis komi hér til álita hvort veiðirétturinn í Myrkhyl og Smáfossum geti að einhverju leyti tilheyrt jörðinni Hesti eða hvort hann teljist alfarið til Þingnesjarðanna.

Í framangreindum gerðardómi er vitnað til ummæla manna sem til þekktu, þar á meðal tveggja sóknarpresta sem bjuggu að Hesti í byrjun og um miðja 19. öldina, sem bent hafi eindregið til þess að það hafi verið skoðun þeirra sem þar bjuggu að þeim væri óheimilt að veiða í kvíslinni norðan Miðbergs. Ekkert liggur fyrir um hvernig eignarrétti að klettinum Miðbergi er háttað. Í 3. gr. vatnalaga nr. 15/1923 er kveðið á um að þegar á eða lækur skilji landareignir skuli hvor eiga land í miðjan farveg, sé ekki vöxtur í vatni, nema önnur lögmat skipun sé þar á gerð. Fyrir liggur að hinir umdeildu veiðistaðir, Myrkhylur og Smáfossar, liggja mun nær norðurbakka árinna en suðurbakkanum og að rennsli í norðurkvíslinni er mun minna en í suðurkvíslinni. Þegar til alls framangreinds er litið er það niðurstaða matsnefndar að allur arður vegna veiði í Myrkhyl og Smáfossum skuli í mati þessu falla til eigenda Þingnesjarðanna, en rétt þykir að einingar vegna þessa verði sérgreindar í arðskránni.

8.2.3 Eigandi jarðarinnar Grafar I krefst þess að jörðin fái 15% af veiði í Ferjupolli þar sem hann hafi oft séð menn landa fiski úr veiðistaðnum í landi jarðarinnar. Matsmenn skoðuðu sérstaklega aðstæður á þessum stað og fengu álit veiðileiðsögumans. Með hliðsjón af

framangreindu er það niðurstaða matsnefndar að engin haldbær rök séu fram komin til að víkja frá veiðistaðaskrá veiðifélagsins vegna veiði á þessum veiðistað.

8.2.4 Eins og rakið hefur verið í köflum 7.6 til 7.9 hér að framan er uppi ágreiningur milli eigenda jarðanna Gullberastaða, Oddsstaða, Hóls og Brautartungu varðandi skiptingu arðs á svæðinu rétt neðan núverandi ármóta Grímsár og Tunguár. Lýtur sá ágreiningur aðallega að því hvaða afleiðingar það skuli hafa á skiptingu arðs úr veiðistaðnum Oddsstaðafljóti, sem þar er, að ármótin voru á árinu 1973 flutt á núverandi stað. Krefst eigandi Gullberastaða þess að matsnefnd meti þann skaða sem flutningur ármótanna hafi valdið Gullberastöðum með tilliti til tapaðrar veiði og bakkalengdar. Sé eðlilegast að það sé gert með því að jörðin fái hlutdeild í þeim arði sem skapast hafi vegna aukinnar veiði í Oddsstaðafljóti við flutning ármótanna, á sama hátt og gert hafi verið í gildandi yfirmatsgerð. Þessum sjónarmiðum hafa eigendur Oddsstaða og Hóls mótmælt enda hafi Tunguá aðeins runnið skamma hríð í Grímsá niður í Laxabakka. Fyrir þann tíma hafi hún runnið á svipuðum stað og nú. Þá mótmæla eigendur Oddsstaða þeirri fullyrðingu eigenda Gullberastaða að minnkun veiði í veiðistaðnum Laxabakka hin síðari ár megi að verulegu leyti rekja til flutnings ármótanna.

Af málatilbúnaði aðila og öðrum gögnum málsins verður ekki annað ráðið en að ármót Grímsár og Tunguár hafi eingöngu um fárra ára bil legið á þeim stað sem þau voru á árinu 1973 er veiðifélagið tók um það ákvörðun að færa þau á þann stað þar sem þau hafa verið síðan. Fyrir liggur að þáverandi eigandi Gullberastaða samþykkti þessa færslu ármótanna og er nú á því byggt af hálfu núverandi eiganda, eins og gert var við gildandi yfirmat, að það samþykki hafi verið veitt með því skilyrði að það myndi ekki minnka arðshlut jarðarinnar með tilliti til veiði og bakkalengdar. Því er þó ekki haldið fram að um skriflegt samkomulag hafi verið að ræða á þeim tíma heldur virðist hvað það varðar skírskotað til skriflegrar yfirlýsingar frá árinu 1982, sem þáverandi eigendur Oddsstaða I rituðu ekki undir og er mótmælt af hálfu núverandi eigenda þeirrar jarðar. Ekkert annað liggur fyrir í málinu sem staðfestir þessa staðhæfingu eiganda Gullberastaða. Þegar til framangreinds er litið verður ekki talið liggja skýrt fyrir að færsla ármótanna hafi byggst á bindandi samkomulagi eigenda allra þeirra jarða er hagsmuna áttu að gæta um að eiganda Gullberastaða yrði bættur minnkandi arðshlutur sem af því kynni að hljótaskast. Þá verður að telja að eigandi Gullberastaða hafi vart getað vænst þess að ármótin héldust ávallt óbreytt innan marka þeirrar jarðar, bæði með tilliti til þess hversu óstöðugur og laus árfarvegurinn virðist vera á svæðinu neðan núverandi ármóta, allt niður að Lundarhólma, og einnig þegar haft er í huga ákv. 8. gr. vatnalaga nr. 15/1923 um heimild landeiganda við viss skilyrði til að fella vatn í fornan farveg eða koma honum í samt lag. Þá er hér til þess að líta að athugun á veiðitölum úr einstökum veiðistöðum í landi Gullberastaða á árabílinu 1980 til 2011 leiðir í ljós að jafnvel þótt veiði hafi verið þar nokkuð breytileg milli ára, eins og oft gerist þegar botn er laus og miklar breytingar eiga sér stað í árfarvegi, hafi hlutfallsleg heildarveiði fyrir landi jarðarinnar verið vaxandi, einkum síðustu 10 árin. Með hliðsjón af framangreindu

verður ekki á það fallist að Gullberastaðir eigi rétt til arðs úr Oddsstaðafljóti eða til sérstakrar arðsúthlutunar vegna greindrar færslu ármótanna.

Eigendur Oddsstaða hafa mótmælt því að nokkur hluti skráðrar veiði í Oddsstaðafljóti skuli koma eigendum veiðiréttar á hinum laxgenga hluta Tunguár til góða eins og gert hafi verið í gildandi yfirmatsgerð frá 25. febrúar 2000. Á þeim tíma sem framangreind matsgerð var unnin voru í gildi lög um lax- og silungsveiði nr. 76/1970 og var í 2. mgr. 16. gr. laganna kveðið á um að bannað væri að veiða fisk í ósum í ár og næði veiðibannið 100 m upp frá slíkum ósum og 250 m niður frá þeim. Samkvæmt 3. mgr. sömu greinar gat ráðherra þó veitt undanþágu frá banni þessu. Með gildistöku laga um lax- og silungsveiði nr. 61/2006 var reglum um þetta hins vegar snúið við og nær bann þetta nú skv. 21. gr. laganna einungis til fiskveiði með föstum veiðivélum á tilgreindu svæði í ósum í ár en Fiskistofu er hins vegar veitt heimild til að banna þar stangveiði að ósk viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa. Í rökstuðningi yfirmatsnefndar vegna framangreindrar niðurstöðu sinnar kemur fram að allt frá því í júní 1975 hafi verið í gildi undanþága stjórnvalda til að stunda veiði í ármótum Grímsár og Tunguár. Sé þessi undanþága til þess fallin að skaða eigendur Tunguár og sé krafa þeirra um hlut af þeirri veiði því réttmæt. Þegar litið er til framangreindra ákvæða laga nr. 61/2006, sem heimila nú slíkar veiðar, verður ekki fallist á að eigendur Tunguár eigi nú lögvarða kröfu til að fá hlutdeild í arði af skráðri veiði í Oddsstaðafljóti. Er henni því hafnað.

Óumdeilt er að Oddsstaðir eigi allan norðurbakkann við Oddsstaðafljót. Ágreiningur er hins vegar uppi milli eigenda Hóls og Brautartungu um landamerki milli jarðanna á suðurbakkanum, eins og rakið hefur verið í köflum 7.7 og 7.9 hér á undan. Ekki sýnist þó af þeirra hálfu gerður um það ágreiningur að fyrirbyggjandi bakkalengdarmæling frá árinu 2010 skuli lögð til grundvallar arðsákvörðun vegna landlengdar á svæðinu. Hins vegar deila þeir um rétt jarðanna til arðs af veiði úr Oddsstaðafljóti. Eftir að hafa skoðað aðstæður á vettvangi og að fenginni umsögn staðkunnugs leiðsögumanns við árnar um hvar lax veiðist helst í veiðistaðnum, og einnig að virtu því sem að framan hefur verið rakið, er niðurstaða matsnefndar sú að skipta beri veiði úr Oddsstaðafljóti þannig að 15% hennar komi í hlut Hóls, 35% í hlut Brautartungu en 50% komi í hlut Oddsstaða.

Niðurstaða matsnefndar er sú að hæfilegt sé að skipta 4.150 einingum milli veiðiréttareigenda við Grímsá og Tunguá í samræmi við hlutdeild þeirra í laxveiði. Þá er það niðurstaða nefndarinnar að hæfilegt sé að skipta 150 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við hlutdeild þeirra í silungsveiði.

8.3 Landlengd, vatnsmagn og stærð vatnsbotns

Samkvæmt b-lið 2. mgr. 41. gr. laga um lax- og silungsveiði skal við úthlutun arðs taka tillit til landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns.

Mæling var gerð á bakkalengd Grímsár og Tunguár 24. og 25. apríl 2010 og í fyrirbyggjandi skýrslu þar um er tilgreind mæld bakkalengd hveirrar jarðar. Kemur fram í inngangi að niðurstöðu að við mælinguna hafi verið stuðst við loftmyndir. Hafi bakkalengd verið fundin út með því að draga línu frá landamerkjum út í miðja á, beint á gagnstæðan bakka. Síðan hafi lína verið dregin eftir miðri ánni eða þar sem vatnsmagnið hafi virst mest á milli áreyra. Þannig hafi heildarbakkalengd verið fundin út fyrir hverja jörð. Notast hafi verið við gps-handtæki til að staðsetja landamerki en í nokkrum tilvikum hafi ekki verið um eiginleg landamerki að ræða heldur samkomulagspunkt á milli eigenda aðliggjandi jarða.

Við mat á vægi landlengdar er í senn litið til allra aðstæðna á svæðinu og gætt ákveðins samræmis við fyrri matsgerðir nefndarinnar og matsgerðir yfirmatsnefndar samkvæmt lögum nr. 76/1970. Verður samkvæmt því lagt sjálfstætt mat á gildi mældra lengdareininga bakka eftir því hvar á vatnasvæðinu þeir eru, sem leiðir til mismunandi niðurstöðu um vægi þeirra við úthlutun eininga. Við ákvörðun á vægi einstakra bakka er sérstaklega horft til framlags Tunguár til vatnasvæðisins í heild sinni.

Niðurstaða matsnefndar er að mæld bakkalengd Grímsár frá ósi að Jötnabruarfossi fái vægið 1, mæld bakkalengd Tunguár frá ósi að Englandsfossi fái vægið 0,75 og mæld bakkalengd ofan Englandsfoss að Lómalæk fái vægið 0,2 í matsgerð þessari. Fyrir liggur að hólmar í Grímsá fyrir landi Oddsstaða, allt inn undir Vaðmýrarstreng, teljast séreign Oddsstaða. Með hliðsjón af því fá Oddsstaðir 75% bakkalengdareininga á greindu svæði en Brautartunga 25%.

Niðurstaða matsnefndar er að hæfilegt sé að skipta 2.914 einingum milli veiðiréttareigenda í samræmi við landlengd Grímsár og Tunguár.

8.4 Hrygningar- og uppeldisskilyrði

Uppeldis- og hrygningarskilyrði í veiðiám hafa mikla þýðingu fyrir viðgang þeirra fiskistofna er þar lifa og þar með fyrir verðmæti þeirra. Við arðskrármöt síðari ára hefur yfirleitt, að meira eða minna leyti, verið stuðst við búsvæðamat sérfræðinga á þessu sviði varðandi þennan þátt matsins. Við mat þessa þáttar nú leggur matsnefnd til grundvallar skýrslu Sigurðar Mús Einarssonar hjá Veiðimálastofnun, Mat á búsvæðum fyrir lax í Grímsá og Tunguá, VMST-V/98001X, sem kom út í janúar 1998, og endurskoðaða útgáfu af sömu skýrslu og viðbótarskýrslu Sigurðar Mús frá því í október 2011, Skilagrein, endurskoðun á búsvæðamati í Grímsá og Tunguá í Borgarfirði, VMST-G/1106.

Í inngangi skýrslunnar frá 2011 kemur fram að búsvæðamatið sem unnið var að 1997 hafi verið eitt það fyrsta sem unnið hafi verið eftir nýrri aðferðafræði sem einkum byggðist á því að framleiðslugeta á einstökum búsvæðum væri metin til framleiðslueininga. Árið 2000 hafi verið ákveðið að samræma reynslu af fyrirbyggjandi mötum og þá gefin út verklýsing um mat á búsvæðum, sem stuðst hafi verið við síðan. Hafi þessi nýja aðferðafræði verið nýtt við endurskoðun búsvæðamatsins og hafi hún leitt til nokkurra breytinga frá fyrri niðurstöðum. Hafi breytingarnar einkum falist í því að einkunnargjöf fyrir sand eða leirbotn og klapparbotn hafi verið líttilega hækkuð en lækkuð fyrir smágrýttan botn. Þá hafi kaflalengdir einstakra búsvæða verið mældar upp á nýtt með mun betri tækni en áður hafi verið notuð. Allt þetta hafi leitt til nokkurrar fækkunar á framleiðslugildum frá fyrra mati, úr 23.734 í 22.801.

Í framangreindu búsvæðamati er framleiðslueiningum ekki skipt á einstakar jarðir en fyrir liggur fjöldi þeirra á einstökum svæðum árinna. Hefur þessum framleiðslueiningum verið skipt milli einstakra jarða með tilliti til fyrirbyggjandi landlengdarmælinga. Niðurstaða matsnefndar er að leggja beri ofangreinda skiptingu til grundvallar við úthlutun eininga vegna uppeldis- og hrygningarskilyrða, með þeirri undantekningu þó að einingum við Oddsstaðahólma er skipt í hlutföllunum 25% til Brautartungu en 75% til Oddsstaða með hliðsjón af umfjöllun þar um í kafla 8.3 hér á undan.

Niðurstaða matsmanna er að hæfilegt sé að skipta 2.786 einingum milli veiðiréttareigenda við Grímsá og Tunguá vegna hrygningar- og uppeldisskilyrða.

9. Aðrir þættir

9.1 Svæði ofan við Englandsfoss

Ekki eru stundaðar veiðar í Tunguá ofan við Englandsfoss, sem er ólaxgengur. Svæðið allt að Lómalæk er hins vegar innan veiðifélagsins og er það nýtt til að sleppa þar seiðum og laxapörum til hrygningar. Svæðið er lengdarmælt og búsvæðamatið og fá veiðiréttareigendur þar úthlutað einingum í arðskrá í samræmi við það eins og fram kemur í köflum 8.3 og 8.4 hér á undan.

10. Kostnaður, gildistaka o.fl.

Kröfum einstakra veiðiréttareigenda um hlutdeild í arðskrá þessari, umfram það sem leiðir af framangreindum matsaðferðum og niðurstöðum er hafnað.

Allur kostnaður af mati þessu, 3.869.768 krónur án virðisaukaskatts, greiðist af Veiðifélagi Grímsár og Tunguár og rennur hann í ríkissjóð.

Um gildistöku arðskrár þessarar fer samkvæmt ákv. 5. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og tekur hún því gildi daginn eftir birtingu í B-deild Stjórnartíðinda.

Úrskurðarorð:

Arðskrá fyrir Veiðifélag Grímsár og Tunguár skal vera sem hér greinir:

Jarðir	Einingar:
Hvítárvellir	390
Þingnes	1.070
Þingnes v. Myrkhýls og Smáfossa	3
Hestur	997
Ítak Reykholtskirkju í Laxfossi	141
Ítak Hvanneyrarkirkju í Laxfossi	28
Fossatún	241
Múlakot	521
Mávahlöð	278
Gröf I	82
Gröf II	105
Skálpastaðir	330
Kross	136
Kistufell	112
Arnþórsholt	88
Lundur	727
Lundarhólmi	231
Skarð	438
Snartarstaðir	79
Gullberastaðir	1.024
Oddsstaðir	681
Brautartunga	653
Hóll	449
Tungufell	100
Iðunnarstaðir	257
Brenna	279
England	225
Reykir	215
Þverfell	55
Gilstreymi	65
Samtals	<u>10.000</u>

Reykjavík 12. mars 2012

Hulda Rós Rúriksdóttir formaður
sign.

Ásgeir Magnússon
sign.

Magnús Ólafsson
sign.

Gögn til afnota við matsgerð

A. Gögn um veiði

1. Ársskýrsla Veiðifélags Grímsár og Tunguár 2007.
2. Ársskýrsla Veiðifélags Grímsár og Tunguár 2008.
3. Ársskýrsla Veiðifélags Grímsár og Tunguár 2009.
4. Ársskýrsla Veiðifélags Grímsár og Tunguár 2010.
5. Veiði á einstökum veiðistöðum árin 2000-2011.
6. Skrá um eignarhald veiðistaða.
7. Skýrslur fiskifræðings um ána árin 2008 og 2009.
8. Listi yfir veiðitölur úr Grímsá og Tunguá frá 1970-2011.
9. Upplýsingar um aðgerðir veiðifélags, sem áhrif geta haft á veiðihlut einstakra jarða.

B. Gögn um land og búsvæði

1. Mat á búsvæðum í Grímsá og Tunguá 1998.
2. Mat á hrygningu, seiðabúskap og fiskirækt í Grímsá og Tunguá 2008.
3. Vöktunarrannsóknir á laxfiskum í Grímsá og Tunguá 2009.
4. Endurskoðun á búsvæðamati í Grímsá og Tunguá 2011.
5. Bakkalengdarmæling fyrir Grímsá og Tunguá 2010.
6. Kort af veiðisvæðum Grímsár og Tunguár.
7. Skrá yfir skiptingu framleiðslueininga í Tunguá á einstök býli.
8. Listi yfir eignarhald og veiði úr einstökum veiðistöðum í Grímsá.

C. Arðskrár

1. Yfirlit yfir skiptingu arðs samkvæmt yfirmati 1981, undirmati 1998 og yfirmati 2000.
2. Gildandi arðskrá og skrá yfir viðtakendur arðs.

D. Bréf frá eigendum veiðiréttar

1. Bréf nokkurra eigenda og/eða ábúenda til formanns veiðifélags Grímsár og Tunguár, dags. 29. september 2010.
2. Svarbréf stjórnar veiðifélagsins, dags. 2. október 2010, vegna bréfs hinn 29. sept. 2010.
3. Bréf ábúenda Fossatúns, dags. 2. des. 2009, um að óskað verði endurmats á arðskrár Veiðifélags Grímsár og Tunguár.
4. Bréf eigenda Hóls, dags. 20. desember 2010.
5. Bréf eigenda Skálpastaða, Kross og Grafar I, dags. 3. janúar 2011 (segir ranglega 2010).
6. Bréf ábúenda Þverfells, dags. 4. janúar 2011.
7. Bréf eigenda og/eða ábúenda Hóls, Brautartungu, Tungufells, Brennu, Reykja, Þverfells, Gilstreymis og Englands, dags. 13. janúar 2011.
8. Bréf eigenda Hóls og Gullberastaða, dags. 16. janúar 2011.
9. Bréf Oddsstaða, dags. 18. janúar 2011.
10. Bréf eigenda Gullberastaða, 18. janúar 2011.
11. Bréf eigenda Hvítárvalla, dags. 20. janúar 2011.
12. Bréf eigenda Brautartungu, dags. 28. október 2011.
13. Bréf eigenda Oddsstaða, dags. 30. október 2011.
14. Bréf eigenda Hóls, dags. 6. nóvember 2011.
15. Greinargerð Gauts Þorsteinssonar vegna Myrkhyls og Smáfossa.
16. Bréf frá eiganda Grafar I, dags. 10. febrúar 2012.

E. Bréf, fundargerðir, samþykktir o.fl.

1. Samþykktir Veiðifélags Grímsár og Tunguár.
2. Yfirmatsgerð, dags. 8. febrúar 1981.
3. Yfirmatsgerð, dags. 25. febrúar 2000.
4. Bréf formanns Veiðifélags Grímsár og Tunguár, dags. 20. des. 2009, um beiðni um gerð nýrrar arðskrár fyrir veiðifélagið.
5. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélags, dags. 29. júní 2010. Beiðni um gögn.
6. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélags, dags. 7. október 2010, vegna fyrstu fyrirtöku matsmáls.

7. Fundargerð matsnefndar hinn 29. október 2010.
8. Bréf matsnefndar til veiðiréttareigenda, dags. 30. október 2010.
9. Bréf matsnefndar til formanns veiðifélags Grímsár og Tunguár, dags. 29. ágúst 2011.
10. Leigusamningur um veiðirétt á félagssvæði Grímsár og Tunguár, dags. 1. mars 2007.
11. Tímabundin breyting á leigusamningi VGT fyrir árið 2009, 2010 og 2011.
12. Leigusamningur um sjóbirtingsveiði frá 2005.
13. Greinargerð um leigu silungsveiðiréttinda neðst í Grímsá.
14. Leigusamningur um veiðihús, dags. 22. apríl 2009.